

REGLUR

um íslensku UNESCO-nefndina.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningar-
málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural
Organization - UNESCO).

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu
UNESCO til ráðuneytis í málum er varða UNESCO og tengiliður milli UNESCO og íslenskra
mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.

3. gr.

Nefndin annast upplýsingastarfsemi um málefni UNESCO á Íslandi og hefur samvinnu
við aðrar íslenskar nefndir sem starfa að málefnum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana
þeirra.

4. gr.

Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið til meðferðar hvert það verkefni sem telja má í
verkahring UNESCO og brýtur ekki í bága við ákvarðanir og stefnu Íslendinga í utanríkis-
málum.

Þegar nefndin fjallar um önnur mál en þau sem einungis varða UNESCO, má einnig
kveðja á fund aðila sem ekki eiga sæti í nefndinni.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára að undanteknum fulltrúa um málefni
ungs fólks sem skal skipaður til tveggja ára.

Formaður, ritari og fjórir nefndarmenn að auki skulu skipaðir án tilnefningar, en þess skal
jafnan gætt að einn þeirra sé sérfróður um skólamál, annar um vísindi, þriðji um menningar-
mál, fjórði um fjölmiðlun og upplýsingamál og fimmti um málefni ungs fólks.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Ráðherra getur, með samþykki utanríkisráðuneytisins, breytt fjölda nefndarmanna.

6. gr.

UNESCO-nefndin má leita aðstoðar sérfræðinga í einstökum málum og einnig er henni
heimilt að kjósa sérnefndir og fela þeim að annast athugun og meðferð mála, þegar henta
þykir.

7. gr.

Ritari nefndarinnar er starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Skipun sendinefndar Íslands á aðalráðstefnu UNESCO heyrir undir utanríkisráðuneytið.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 34 frá 17. janúar 1990 og óbirtar reglur frá 3. október 1997.

Menntamálaráðuneytinu, 18. febrúar 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.